

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
Lindargata
101 Reykjavík

08.09.2023

EM Orka tekur undir umsögn Samorku en hér eru nokkur atriði sem okkur langar að leggja aukna áherslu á.

Fasteignagjöld eða fasteignaskattar falla illa að raforku mannvirkjum. Sveitafélög rukka fasteignagjöld til að standa straum af ýmissi þjónustu sem fylgir hýbýlum og atvinnuhúsnæði. Holræsi / fráveita, kalt vatn og sorphirða er ekki nauðsyn fyrir orkumannvirkjum og er því fasteignaskattur klunnalega lagaður að þeim. Þar með er fasteignaskattur lagður á orkumannvirki án þess að þjónusta komi á móti. Þetta skal hafa í huga þegar rætt eru um fasteignaskatt á orkumannvirki. Fasteignaskattur er mjög lítið notaður erlendis til að skattleggja orkumannvirki af þessum sökum. Skiljanlegt er að sveitfélögum finnist óréttlátt að orkumannvirki beri engan skatt, en ef rukka á gjöld í líkingu við fasteignagjöld þarf að að vera byggt á þjónustu eða útgjöldum sem sveitafélagið þarf að standa straum af á móti. Ekki er réttlátt að rukka fasteignagjöld vegna þess að ásýnd orkumannvirkja gæti þótt truflandi.

Allt tal um sérstakan skatt á vindorkuver er eingöngu tilkomið vegna sýnilegra áhrifa vindorkuvera, en áhrif vegna vindorkuvera er ekki meiri en annarra kosta og sýnileiki er ekki einskorðuð við vindorku. Umgjörð skatta á raforkuvinnslu má ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni innan atvinnugeirans og ekki mismuna fyrirtækjum á markaði eftir eignarhaldi, stærð eða tegundar orkuvinnslu og því leggst EM Orka alfarið gegn sérstökum skatti á vindorkuver.

Allar breytingar á sköttun þarf að réttlæta til að skattlagning sé fyrirsjáanleg og ekki íþyngjandi fyrir greinina í heild.

Þegar kemur að því að bæta nærsamfélagi upp þær breytingar í nágrenni sínu sem vindorkuver hafa í för með sér kýs EM Orka að nota samfélagssjóð. Samfélagssjóðir eru orðnir lögbundnir í öllum helstu löndum sem Ísland miðar sig við og þrátt fyrir að EM Orka leggi ekki til að þeir verði bundnir í lög hérlandis göngum við á undan með góðu fordæmi. Allt neikvætt og niðrandi tal um samfélagssjóði hefur engin áhrif á áætlanir okkar og við bendum á jákvætt samstarf okkar við samfélag Reykhólahrepps því til stuðnings.

Auðlindargjöld skal eingöngu íhuga ef gengið er á sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar svo mjög að áhrifin geta orðið varanleg ef ekki er varlega farið. Undir engu kringumstæðum fellur nýting vinds undir þjóðareign né varanleg áhrif.

Hvað varðar skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga er ekki rétt að orkuframleiðendur hlutist til um það málefni en EM Orka styður kröfur sveitarfélaga um meiri hlut í skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga, sér í lagi þeirra sem hýsa helstu mannvirkinn.

Ríkarður Örn Ragnarsson
Verkefnastjóri Vindorkugarðs í Garpsdal.